



**Ísafjarðarbær**

---

Ársreikningur

---

**2011**

Ísafjarðarbær  
Hafnarstræti 1  
400 Ísafjörður  
Kt. 540596-2639

---

# Skýrsla og áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra

Ársreikningur Ísafjarðarbæjar er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar stjórnvalda um reikningskil sveitarfélaga.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 3.033 milljónum króna samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi fyrir A og B hluta sveitarstjóðs. Rekstrartekjur A hluta námu 2.563 milljónum króna.

Álagningarhlutfall útsvars var 14,48% sem er lögbundið hámark þess. Álagningarhlutfall fasteignaskatts nam 0,45% vegna íbúarðhúsnæðis og 1,65% vegna atvinnuhúsnæðis en lögbundið hámark er 0,625% og 1,65%. Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi er neikvæð um 301 milljón króna en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir halla upp á 92 milljónir króna. Rekstrarniðurstaða A hluta var neikvæð um 261 milljónir króna en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir 76 milljón króna tapi. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok nam 453 milljónum króna þ.a. 1.020 milljónir króna í A hluta.


Laun og launatengd gjöld á árinu námu alls um 1.692 milljónum króna þ.a. 1.592 milljónir í A hluta. Ársreikningur Ísafjarðarbæjar fyrir árið 2011 er til búinn til endurskoðunar og afgreiðslu í bæjarstjórn.


Bæjarstjóri: 

Bæjarráð: 


Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar staðfestir hér með ársreikning Ísafjarðarbæjar fyrir árið 2011 með áritun sinni.


Ísafjarðarbæ, <sup>26/</sup>14 2012  
Bæjarstjórn













# Áritun óháðra endurskoðenda

---

## Til bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Ísafjarðarbæjar fyrir árið 2011. Ársreikningurinn hefur að geyma ársreikning fyrir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og ársreikning fyrir A og B hluta. Hann greinist í skýrslu og áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

## Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

## Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.


Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Ísafjarðarbæjar á árinu 2011, efnahag hans 31. desember 2011 og breytingu á handbæru fé á árinu 2011, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Ísafirði, 26. apríl 2012

## Endurskoðun Vestfjarða ehf.



Guðmundur E. Kjartansson

endurskoðandi

## Megin niðurstöður ársreiknings

---

Ársreikningur 2011 sem hér birtist er skiptur niður í þrjá kafla; yfirlit og samstæðureikningur, rekstrar- og efnahagsreikningur og sjóðsstreymi sjóða í A hluta og sjóða í B hluta, sundurliðun rekstrar deilda og sjóða í A hluta og sjóða í B hluta.

Uppgjör ársins 2011 er samkvæmt fyrirmynd í auglýsingu um reikningskil sveitarfélaga nr. 790/2001. Rekstrareiningum er skipt í A hluta og B hluta þar sem í A hluta er aðalsjóður sveitarfélagsins auk annarra stofnana og sjóða sem fjármagnaðir eru að hluta eða að öllu leyti af skatttekjum. Í B hluta eru stofnanir og fyrirtæki sveitarfélagsins sem eru að hálfu eða í meirihluta í eigu sveitarfélagsins en eru rekin sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar.

Í samstæðureikningi kemur fram yfirlit rekstrar borið saman við fjárhagsáætlun, efnahagsreikningur og sjóðsstreymi.

Heildarrekstrartekjur bæjarsjóðs og stofnana hans á árinu 2011 voru 3.033 millj.kr. og rekstrargjöld fyrir fjármagnsliði 2.881 millj.kr., ef frá eru talin innri viðskipti. Afkoma af reglulegri starfsemi var jákvæð um 152 millj.kr., afskriftir 162 mkr. Afkoma fjármagnsliða var mun verri en í fyrra, gjöldin voru 291 millj.kr. umfram tekjur og tapið því 301 millj.kr. eftir fjármagnsliði. Verðbólgan hefur farið vaxandi og krónan veikst, þannig að niðurstaða fjármagnsliða var mjög slæm miðað við skuldsetningu.

Afkoma aðalsjóðs og stofnana í A hluta er neikvæð um 76 millj.kr. fyrir fjármagnsliði og neikvæð um 261 millj.kr. eftir fjármagnsliði. Afkoma sjóða í B hluta er jákvæð um 66 millj.kr. fyrir fjármagnsliði, en neikvæð um 40 millj.kr. eftir fjármagnsliði.

Heildarveltufjármunir í árslok 2011 voru um 562 millj.kr. að frádregnum kröfum á eigin fyrirtæki. Heildarfastafjármunir voru um 5.237 millj.kr. í árslok 2011. Skuldir alls, skammtíma- og langtímaskuldir, voru um 4.312 millj.kr. að frádregnum kröfum á eignarsjóð og á eigin fyrirtæki. Áfallnar lífeyrisskuldbindingar voru 1.034 millj.kr. í árslok 2011 og eigið fé 453 millj.kr.

Ísafirði 12. apríl 2012

Daníel Jakobsson, bæjarstjóri og  
Jón Halldór Oddson, sviðsstjóri fjármálasviðs

# Rekstarreikningur ársins 2011

Skýr.	Sveitarsjóður A-hluti			Samantekið A og B hluti		
	2011	Áætlun	2010	2011	Áætlun	2010
Skatttekjur án framlags jöfnunarsjóðs .....	1.516.135	1.437.189	1.436.128	1.516.135	1.437.189	1.436.128
Framlag jöfnunarsjóðs sveitarfélaga .....	481.614	384.641	510.882	481.614	384.641	510.882
Aðrar tekjur .....	565.796	321.695	341.114	1.035.943	766.658	781.673
	<b>2.563.545</b>	<b>2.143.525</b>	<b>2.288.124</b>	<b>3.033.692</b>	<b>2.588.488</b>	<b>2.728.683</b>
Laun og launatengd gjöld .....	-1.592.216	-1.291.992	-1.349.621	-1.692.096	-1.408.805	-1.497.004
Annar rekstrarkostnaður .....	-948.974	-724.804	-894.162	-1.189.019	-876.552	-1.049.943
Afskriftir.....	-97.893	-96.957	-101.988	-162.145	-180.611	-233.731
<b>Rekstrarniðurst. fyrir fjármagnsliði</b>	<b>-75.538</b>	<b>29.772</b>	<b>-57.647</b>	<b>-9.568</b>	<b>122.520</b>	<b>-51.995</b>
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....	-186.137	-106.131	-9.229	-291.611	-214.376	-98.304
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>-261.674</b>	<b>-76.359</b>	<b>-66.876</b>	<b>-301.178</b>	<b>-91.857</b>	<b>-150.299</b>

# Efnahagsreikningur

Eignir 31.12.2011

Eignir	Skýr.	Sveitarsjóður Ahluti		Samantekið A og B hluti	
		31.12.2011	31.12.2010	31.12.2011	31.12.2010
<b>Fastafjármunir</b>					
Fasteignir.....	6.	2.435.035	2.521.120	3.331.763	3.455.332
Veitukerfi, hafnarmannvirki.....		283.106	283.106	1.193.787	1.154.902
Vélar, áhöld og tæki.....		161.638	180.970	187.090	208.444
Eignarhluti í félögum.....	7.8.	526.960	526.959	526.960	526.960
Langtímakröfur.....	9.	24.383	23.769	24.394	23.769
Langtímakröfur á eigin fyrirt.....		212.253	246.282	0	0
Næsta árs afb. langtímakrafna.....		-45.112	-46.117	-27.377	-1.551
		<u>3.598.262</u>	<u>3.736.089</u>	<u>5.236.617</u>	<u>5.367.855</u>
<b>Veltufjármunir</b>					
Óinnheimtar tekjur.....		205.029	201.028	205.029	201.028
Næstaárs afborgun langtímakr.....		45.112	46.117	27.377	1.551
Skammtímakröfur á eigin fyrirt.....	10.	583.640	484.942	0	0
Aðrar skammtímakröfur.....		147.848	178.513	261.092	237.569
Handbært fé.....		31.750	73.870	32.821	81.131
		<u>1.013.380</u>	<u>984.471</u>	<u>526.319</u>	<u>521.279</u>
<b>Eignir alls</b>		<u><u>4.681.132</u></u>	<u><u>4.720.560</u></u>	<u><u>5.762.936</u></u>	<u><u>5.889.134</u></u>

# Efnahagsreikningur

Eigin fé og skuldir 31.12.2011

Eigin fé og skuldir	Skýr.	Sveitarsjóður A hluti		Samantekið A og B hluti	
		31.12.2011	31.12.2010	31.12.2011	31.12.2010
<b>Eigið fé</b>					
Eiginfjárreikningur.....	13.	1.020.966	1.282.640	453.117	754.295
Eigiðfé .....		<u>1.020.966</u>	<u>1.282.640</u>	<u>453.117</u>	<u>754.295</u>
<b>Langtímaskuldir og skuldbindingar</b>					
Lífeyrisskuldbindingar.....	14.	1.033.509	946.149	1.033.509	946.149
Skuldir við lánastofnanir.....	15.	2.192.408	2.216.560	3.893.883	3.896.065
Næsta árs afb. langtímaskulda.....		-248.871	-246.164	-323.567	-314.737
		<u>2.977.046</u>	<u>2.916.545</u>	<u>4.603.825</u>	<u>4.527.477</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>					
Skuldir við lánastofnanir.....		32.772	0	85.395	26.395
Viðskiptaskuldir.....		123.739	113.049	124.591	115.506
Næsta árs afb. langtímaskulda.....	15.	248.871	246.164	323.567	314.737
Skuldir við eigin fyrirtæki.....		90.956	54.279	0	0
Aðrar skammtímaskuldir.....		117.292	107.883	172.442	150.724
Skammtímaskuldir alls.....		<u>613.630</u>	<u>521.375</u>	<u>705.995</u>	<u>607.362</u>
Skuldir og skuldb. samtals.....		3.590.676	3.437.919	5.309.820	5.134.839
Skuldir og eigið fé samtals.....		<u>4.611.642</u>	<u>4.720.560</u>	<u>5.762.936</u>	<u>5.889.134</u>

# Sjóðstreymi 2011

Skýr.	Sveitarsjóður A hluti		Samantekið A og B hluti	
	2011	2010	2011	2010
<b>Rekstrarhreyfingar</b>				
Niðurstaða ársins.....	-261.674	-66.876	-301.178	-150.299
<b>Rekstarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:</b>				
(Söluhagn, eigna)/sölutap eign.....	1.714	565	-26.860	-13.040
Reiknaðar afskriftir.....	97.893	101.988	162.145	233.731
Verðbætur og gengismunur.....	167.980	-52.800	222.627	-14.895
Verðb. og gengism. langt. kraf.....	-73.398	-43.318	-73.398	-43.318
Breyting lífeyrisskuldbindinga.....	87.360	24.473	87.360	24.473
Tapað hlutafé.....	0	20.040	0	20.040
<b>Veltufé frá rekstri</b>	<b>19.874</b>	<b>-15.928</b>	<b>70.695</b>	<b>56.692</b>
<b>Breytingar á skammtímalíðum</b>				
Birgðir, lækkun.....	0	0	0	0
Óinnheimtar tekjur (hækkun).....	-4.002	3.342	-4.002	8.808
Aðrar skammtímakröfur (hækkun).....	30.665	-128.319	-23.523	-122.385
Skammtímaskuldir, (lækkun).....	20.099	66.914	30.802	93.075
	<b>46.762</b>	<b>-58.063</b>	<b>3.278</b>	<b>-20.502</b>
<b>Handbært fé frá (til) rekstri</b>	<b>66.636</b>	<b>-73.992</b>	<b>73.972</b>	<b>36.190</b>
<b>Fjárfestingahreyfingar:</b>				
Fjárf. í varanl. rekstrarfjárm.....	-23.143	-80.091	-105.286	-103.123
Söluverð seldra rekstrarfjárm.....	18.379	3.770	65.464	22.453
Afborganir langtímakrafna.....	45.175	72.290	609	30.420
	<b>40.411</b>	<b>-4.031</b>	<b>-39.213</b>	<b>-50.250</b>
<b>Fjármögnunarahreyfingar:</b>				
Tekin ný langtímalán.....	292.000	229.056	352.000	349.645
Afborganir langtímalána.....	-416.266	-221.735	-494.070	-306.840
Skammtímask. v. fjárfestinga.....	32.772	0	59.000	-25.937
Eigin fyrirtæki, breyting.....	-57.674	67.632	0	693
	<b>-149.168</b>	<b>74.953</b>	<b>-83.070</b>	<b>17.562</b>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé.....	-42.120	-3.070	-48.310	3.502
Handbært fé í ársbyrjun.....	73.870	76.941	81.131	77.630
Handbært fé í árslok.....	31.750	73.870	32.821	81.131



# Skýringar með ársreikningi Ísafjarðarbæjar 2011

---

## 1. Almennar upplýsingar

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, nr. 45/1998, lög um ársreikninga, nr. 144/1994, lög um bókhald nr. 145/1994, reglugerð nr. 696/1996 um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga nr. 944/2000 og auglýsingu um reikningsskil sveitarfélaga nr. 414/2001 og 790/2001 með síðari breytingum.

Starfsemi sveitarfélagsins er skipt í A og B hluta. Til A hluta telst sveitarsjóður, sem er aðalsjóður sveitarfélagsins auk annarra sjóða og stofnana er sinna starfsemi sem að hluta eða öllu leyti eru fjármögnuð með skatttekjum, en auk aðalsjóðs er um að ræða Eignasjóð og Þjónustustöð.

Til B hluta teljast stofnanir sveitarfélagsins, fyrirtæki og aðrar rekstrareiningar sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins og eru reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar. Þau fyrirtæki og stofnanir sem falla undir B hluta eru: Hafnarsjóður, Vatnsveita, Dvalar- og hjúkrunarheimili, Fráveita, Funi sorpbrennslustöð og Fasteignir Ísafjarðarbæjar ehf.

## 2. Breytingar á reikningsskilaaðferðum

Framsetningu ársreikningsins á árinu 2002 var breytt frá fyrri árum og er hann nú í meginatriðum í samræmi við almenn reikningsskil. Þau yfirlit sem áður voru hluti ársreiknings sveitarfélagsins en féllu út eru fjármagnsyfirlit, rekstrar- og framkvæmdayfirlit og raunbreyting á peningalegri stöðu. Þau yfirlit sem var breytt eru efnahagsreikningur og skýringar.

Með sveitarstjórnarlögum nr. 45/1998 og reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga nr. 944/2000 voru felld úr gildi eldri sveitarstjórnarlög nr. 8/1986 og reglugerð nr. 280/1989. Reglugerð nr. 944/2000 öðlaðist gildi hinn 1. janúar 2001, en sveitarfélögum var heimilt að fara að ákvæðum eldri reglugerðar við gerð fjárhagsáætlunar og ársreiknings fyrir reikningsárið 2001.

Meginbreyting á reikningsskilum sveitarfélagsins fólst í því að flestar fasteignir og ýmsir aðrir varanlegir rekstrarfjármunir voru yfirfærðir í Eignasjóð, sem er sjálfstæð A hluta rekstrareiningu. Auk þess var nokkur hluti varanlegra rekstrarfjármuna færður til annarra sjóða og B hluta fyrirtækja sveitarfélagsins. Varanlegir rekstrarfjármunir voru yfirfærðir á viðmiðunarverði auk endurbóta eða á framreiknuðu kostnaðarverði, að teknu tilliti til afskrifta.

Árlega eru reiknaðar afskriftir af varanlegum rekstrarfjármunum, en jafnframt er reiknuð innri leiga, sem tekjufærð er hjá Eignasjóði. Leigan er gjaldfærð hjá þeirri rekstrareiningu sem nýtir eignina í rekstri sínum. Markmiðið með þessari breytingu er að gera rekstrarkostnað eignanna sýnilegri og að hver rekstrareining beri þann raunkostnað sem henni tilheyrir. Fasteignir sveitarsjóðs og stofnana hans voru áður eignfærðar á fasteignamati og hvorki voru reiknaðar afskriftir af þeim né öðrum varanlegum rekstrarfjármunum sveitarsjóðs.

Samkvæmt fyrri reikningsskilaaðferðum voru gatna- og fráveituframkvæmdir, áhöld, teki og innanstokksmunir færðir undir svonefnda gjaldfærða fjárfestingu, sem féll út með þessum breyttu reikningsskilaaðferðum. Í ársreikningi 2002- 2010 voru þessir liðir ýmist eignfærðir eða gjaldfærðir. Nýbygging gatna og holrása er eignfærð, en viðhald og rekstur þeirra gjaldfært. Áhöld og teki sem eru að verðmæti undir kr. 500.000 eru gjaldfærð en fjármunir sem eru umfram þá fjárhæð eru eignfærðir. Sjá enn fremur nánar undir skýringu nr. 6 hér á eftir undir varanlegum rekstrarfjármunum.

Auk framangreindra breytinga á reikningsskilaaðferðum er horfið frá verðleiðréttingum í reikningsskilunum. Með lögum nr. 133/2001 voru gerðar breytingar á lögum nr. 144/1994 um ársreikninga. Með breytingunum voru verðleiðréttingar laga um tekjuskatt og eignarskatt lagðar af frá og með 1. janúar 2002. Einnig voru afnumin ákvæði laga um ársreikninga, sem tóku til verðleiðréttinga í reikningsskilum vegna áhrifa almennra verðlagsbreytinga. Áfram er heimilt að færa sérstakt endurmat eigna að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Í ársreikningi þessum er hvorki reiknuð verðbreytingafærsla né fastafjármunir endurmetnir.

Samanburðartölur í rekstrarreikningi og sjóðstreymi er við fjárhagsáætlun ársins.

### **3. Helstu reikningsskilaaðferðir**

Ársreikningurinn er í samræmi við lög og reglur og viðtekna reikningsskilavenju á Íslandi. Við gerð hans er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð.

#### **Ársreikningur sveitarsjóðs**

Ársreikningur sveitarsjóðs (A hluti) tekur til Aðalsjóðs, Eignarsjóðs og Þjónustustöðvar.

Í ársreikningnum eru öll veruleg innbyrðis viðskipti og viðskiptastöður á milli sjóða sem mynda sveitarsjóð færð út.

#### **Samantekinn ársreikningur**

Samantekinn ársreikningur tekur til sveitarsjóðs og B hluta fyrirtækja þar sem eignarhlutur sveitarsjóðs er meiri en 50% í árslok. Í samantekna ársreikningnum eru ársreikningarnir lagðir saman en innbyrðis viðskipti færð út.

### **4. Innlausn tekna**

Til skatttekna flokkast útsvar, fasteignaskattur og framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga auk annarra tekna með skattgildi, svo sem lóðarleiga.

Útsvar er tekjufært samkvæmt staðgreiðsluskilagreinum og endanlegri álagningu ársins á undan, en aðrar skatttekjur eru tekjufærðar við álagningu þeirra.

Til lækkunar skatttekna eru færðar reiknaðar niðurfærslur til að mæta vanhöldum vegna vafasamra óinnheimtra skatttekna.

Álögð gagnagerðargjöld, heimæðargjöld og framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til stofnframkvæmda eru færð til lækkunar stofnverði viðkomandi eigna.

Tekjur af sölu vöru og þjónustu eru tekjufærðar þegar afhending vöru hefur farið fram og þjónusta verið innt af hendi.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við vaxtakjör viðkomandi eigna, en arðstekjur eru tekju færðar þegar réttur til þeirra hefur skapast.

Hagnaður af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er færður á meðal rekstrartekna eða óvenjulegra liða eftir því sem við á, en hagnaður af sölu eignarhluta í félögum meðal fjármunatekna.

### **5. Lotun gjalda**

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

## 6. Eignfærsla varanlegra rekstrarfjármuna

Fasteignir og aðrir varanlegir rekstrarfjármunir sveitarsjóðs og stofnana hans eru nú færðir á matsverði eða framreiknuðu kostnaðarverði til ársloka 2001 að frádreginni árlegri afskrift sem miðuð er við áætlaðan líftíma eignanna. Frá og með árinu 2002 eru varanlegir rekstrarfjármunir ekki framreiknaðir. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði þeirra og þeim kostnaði sem hlýst af öflun þeirra og endurbótum fram til þess tíma að þeir eru teknir í notkun. Eftir að þeir hafa verið teknir í notkun eru útgjöld vegna þeirra ekki eignfærð nema ætla megi að arðsemi af notkun þeirra aukist í framtíðinni vegna þessara útgjalda.

Stofnverð nýrra gatna- og veitukerfa er eignfært að frádregnum gatnagerðar- og heimæðargjöldum. Framlög Jöfnunarsjóðs til stofnframkvæmda færast til lækkunar stofnverði viðkomandi eigna.

Afskriftir eru reiknaðar af stofnverði varanlegra rekstrarfjármuna að frádregnum framlögum til þeirra og gjaldfærðar línulegri afskrift á áætluðum endingartíma eignanna. Afskriftartími eigna hefst þegar þær eru teknar í notkun. Ef rekstrarfjármunur er enn í notkun eftir að afskriftartíminn er á enda, er skilið eftir niðurlagsverð sem samsvarar eins árs afskrift, en þó ekki meira en sem svarar til 10% af stofnverði. Áætlaður nýtingartími eignanna greinist þannig:

Fasteignir	25 til 50 ár
Lóðir og lönd vegna skipulags	25 ár
Gatnakerfi	24 ár
Veitukerfi	10 til 50 ár
Aðrar eignir	3 til 8 ár

Fasteignir Eignasjóðs í árslok greinast þannig:

	Eign	Fjárfest	Afskriftir	Eign
	1.1.2011	2011	2011	31.12.2011
Fasteignir	þús. kr.	þús. Kr.	þús. kr.	þús. kr.
Skólahúsnæði	893.078	1.282	30.257	864.103
Íþróttamannvirki	487.823	2.188	24.034	465.977
Þjónustubyggingar	195.042	4.729	5.304	194.467
Íbúðarhúsnæði	18.195	-1.785	76	16.334
Ýmsar fasteignir	3.960	-1.214	160	2.586
Götur, snjóflóðavarnir	281.910	-404	0	281.506
Lóðir og lendur	788.725	0		788.725
<b>Eignasjóður alls</b>	<b>2.668.733</b>	<b>4.796</b>	<b>59.831</b>	<b>2.613.698</b>

Fasteignir annarra sjóða í A hluta aðalsjóðs og stofnana í B hluta í árslok greinast þannig

	Eign	Fjárfest	Afskriftir	Eign
	1.1.2011	2011	2011	31.12.2011
Stofnanir	þús. kr.	þús. Kr.	þús. kr.	þús. kr.
Þjónustumiðstöð	21.655	0	1.683	19.972
Hafnarsjóður	20.901	0	405	20.496
Vatnsveita	3.756	0	350	3.406
Íbúðir aldraðra	91.635	3.553	9.994	85.194
Funi	34.739	-2.800	1.612	30.327
<b>Stofnair alls</b>	<b>172.686</b>	<b>753</b>	<b>14.044</b>	<b>159.395</b>

Lóðir og lendur sem hafa verið utan efnahags, var tekið inn í efnahagsreikninginn 2010. Til grundvallar mati á verðmæti lóða og lendna, voru tekjur af lóðaleigu, framreiknaðar miðað við 20 ára leigu. Ekki var tekið tillit til væntanlegra gatnagerðagjalda, né framtíðarleiga á óbyggðum lóðum.

Aðrar eignir aðalsjóðs og stofnana hans í árslok greinast þannig:

	Eign	Fjárfest	Afskriftir	Eign
	1.1.2011	2011	2011	31.12.2011
	þús. kr.	þús. Kr.	þús. kr.	þús. kr.
Stofnanir				
Aðalsjóður - Fasteignir	77.970	0	0	77.970
Eignasjóður - vélar og tæki	201.381	4.406	33.307	172.480
Þjónustustöð - vélar og tæki	15.332	1.650	3.406	13.576
Hafnarsjóður - skip, kranar, vélar	20.976	0	2.494	18.482
Hafnarsjóður - hafnarmannvirki	372.353	67.031	12.157	427.227
Vatnsveita - vélar og tæki	25	0	0	25
Vatnsveita - veitumannvirki	330.076	0	10.571	319.505
Fasteignir Ísafjarðarbæjar ehf.	778.904	-4.153	21.622	753.129
Fráveita	148.172		4.784	143.388
Funi - Vélar og tæki	8.089	0	263	7.826
<b>Stofnanir alls</b>	<b>1.953.278</b>	<b>68.934</b>	<b>88.604</b>	<b>1.933.608</b>
<b>Alls varanlegir rekstrarfjármunir</b>	<b>4.096.005</b>	<b>913.331</b>	<b>227.253</b>	<b>4.782.083</b>

## 7. Eignarhlutar í félögum

Frá 1. janúar 2002 eru eignarhlutar sveitarsjóðs í öðrum félögum færðir á kostnaðarverði í ársreikningi sveitarsjóðs og frá sama tíma er ekki færð hlutdeild í afkomu þeirra í reikningsskilum hans þar sem fyrst og fremst er verið að draga fram ráðstöfun skatttekna í ársreikningi sveitarsjóðs. Á árinu hafa verið afskrifuð hlutabréf og hlutdeild í sjóðum alls 20.828.171 kr. Nánast allt er vegna Sparisjóðanna. Hlutfé í Melrakkasetrinu var aukið um 200.000 kr. Bókfært verð sveitarsjóðs og stofnana hans í hlutafélögum og sjóðum í árslok var þannig:

Hlutabréf	kr.
Fasteignir Ísafjarðarbæjar ehf	127.571.273
Glitnir	0
Hvetjandi, eignarhaldsfélag hf	30.666.667
Melrakkasetur Íslands ehf	450.000
Gestur hf	0
Önnur hlutafélög	0
Lánasjóður ísl. Sveitarfélaga	367.098.000
<b>Hlutabréf alls</b>	<b>525.785.940</b>

Sjóðir	kr.
Sparisjóður Bolungarvíkur	0
Sparisjóður Vestfirðinga	0
Sparisjóður Suðureyrar	841.332
Háskólasetur Vestfjarða	150.000
Aðrir	182.242
<b>Sjóðir alls</b>	<b>1.173.574</b>

**Hlutabréf og sjóðir alls 526.959.514**

## 8. Eignir utan efnahags

Í samræmi við 7. gr. reglugerðar nr. 944/2000 um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga er haldin sérstök skrá um þá rekstrarfjármuni sem ekki eru færðir meðal eigna í ársreikningi.

Á árinu 1998 fór fram heildartalning og verðmætatmat lausafjármuna hjá öllum stofnunum og deildum sveitarfélagsins. Lausafjármunir eru metnir á 921,5 millj.kr. til tryggingarverðmætis.

Lönd og lóðir í eigu sveitarsjóðs sem hafa verið utan efnahags eru nú færðar til eignar í efnahagsreikningi, alls 788 mkr.

### Lánasjóður sveitarfélaga ohf.

Lög um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga tóku gildi 30. desember 2006. Hlutdeild Ísafjarðarbæjar í Lánasjóði sveitarfélaga ohf. er 4,148%. Nafnverð hlutafjár er 5 mia. kr. en bókfært eigið fé sjóðsins í árslok 2006 nam 8,9 mia. króna. Nafnverð hlutafjár Ísafjarðarbæjar í Lánasjóðnum er 207,4 millj.kr. en 367,1 millj.kr. miðað við gengið 1,77. Á árunum 2007-2010 voru Ísafjarðarbæ árlega greiddar 31,1 millj.kr. vegna niðurfærslu á eigin fé Lánasjóðsins.

## 9. Langtímakröfur

Langtímakröfur eru færðar til eignar eins og lánakjör segja til um. Kröfur sem bundnar eru vísitölu eru færðar upp miðað við verðlag í árslok. Næsta árs og gjaldfallnar afborganir langtímakrafna eru færðar á meðal veltufjármuna.

Verðbréfaeign og Lánasjóðskrafa greinist í árslok og afborganir á næstu ár þannig:

	A hluti	B hluti	Samstæða
Skipting	þús. kr.	þús. kr.	þús. kr.
Verðtryggt	24.383	0	24.383
Óverðtryggt Lánasj.	0	0	0
<b>Alls</b>	<b>24.383</b>	<b>0</b>	<b>24.383</b>
Næsta árs afborganir	1.328		1.328
<b>Staða í árslok 2011</b>	<b>23.055</b>	<b>0</b>	<b>23.055</b>
Afborganir			
Árið 2013	1.269	0	1.269
Árið 2014	1.270	0	1.270
Árið 2015	1.271	0	1.271
Síðar	19.245	0	19.245
<b>Alls</b>	<b>23.055</b>	<b>0</b>	<b>23.055</b>

Vanskil eru nokkur á langtímakröfum og voru 31.12.2011, 2.318.204 kr. og ættu að færast yfir í skammtímakröfur. Til viðbótar ofangreindum langtímakröfum, er verðbréfaeign um áramótin 19.780 þús.kr. að markaðsvirði í verðbréfasjóðum Íslenskra Verðbréfa hf. Þau eru færð í efnahagsreikningi A hluta undir handbært fé.

## 10. Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði auk áfallinna vaxta ef um vaxtaberandi kröfur er að ræða. Kröfurnar eru niðurfærðar til þess að mæta vanhöldum við innheimtu þeirra, sbr. skýringu nr. 12. Niðurfærslur nema alls 14.305 þús.kr.

### 11. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af sjóði, innstæðum í bönkum í innlendum gjaldeyri og öðrum óbundnum lánveitingum til fjármálastofnanna sem eiga það sameiginlegt að vera handbærar innan þriggja mánaða. Undantekning er inneign í verðbréfasjóði Íslenskra Verðbréfa hf. en þau hafa verið í innlausnarferli síðan hrúnið varð 2008.

### 12. Niðurfærslur eigna

Langtímakröfur, óinnheimtar skatttekjur og aðrar útistandandi skammtímakröfur hafa verið metnar með tilliti til tapsáhættu og niðurfærðar með óbeinni afskrift í ársreikningi, sbr. skýringu nr. 10. Ekki er hér um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast. Breyting á niðurfærslu sem þannig er ákveðin að teknu tilliti til endanlegra tapaðra krafna á reikningsárinu er færð í rekstrarreikning.

### 13. Eigið fé

Eigið fé greinist í árslok þannig:	A hluti þús. kr.	B hluti þús. kr.	Samstæða þús. kr.
Yfirfært frá fyrra ári	1.282.649	(528.345)	754.295
Rekstrarafkoma ársins	(261.644)	(39.504)	(301.148)
Alls	1.020.996	(567.849)	453.147

### 14. Skuldbindingar

Áfallin lífeyrisskuldbinding, núvirt miðað við 2% reiknivexti, samkvæmt mati Talmakönnunar hf í árslok 2011 nam 1.920. millj.kr. þar af er hlutur sveitarsjóðs og stofnana hans 1.034 millj.kr. en ríkissjóðs 886 millj.kr. Á árinu 2011 voru greiddar 19.667 þús.kr. í lífeyrisgreiðslur vegna fyrrverandi starfsmanna.

### 15. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar til verðlags í árslok eins og lánakjör segja til um. Skuldir sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar upp miðað við verðlag eða gengi í árslok. Næsta árs afborganir langtímaskulda eru færðar meðal skammtímaskulda.

Langtímaskuldir aðrar en við aðalsjóð vegna yfirfærslu eigna greinast í árslok og afborganir á næstu ár þannig:

	A hluti	B hluti	Samstæða
	þús. kr.	þús. kr.	þús. kr.
<b>Skipting</b>			
Verðtryggt	1.677.507	1.662.355	3.339.862
Gengistryggt	489.991	0	489.991
Ofanflóðasjóðslán	24.910	39.120	64.030
<b>Alls</b>	<b>2.192.408</b>	<b>1.701.475</b>	<b>3.893.883</b>
Næsta árs afborganir	253.849	74.696	328.545
<b>Alls</b>	<b>1.938.559</b>	<b>1.626.779</b>	<b>3.565.338</b>
<b>Afborganir</b>			
Árið 2013	251.327	65.883	317.210
Árið 2014	247.822	65.311	313.133
Árið 2015	243.074	60.771	303.845
Árið 2016	215.591	58.421	274.012
Síðar	980.745	1.376.393	2.357.138
<b>Alls</b>	<b>1.938.559</b>	<b>1.626.779</b>	<b>3.565.338</b>

Næsta árs afborgun langtímaskulda B-hluta við aðalsjóð eru 107.139 þús. kr.

Lán úr Ofanflóðasjóði að upphæð 64 millj.kr. í lok árs 2011. Lán þessi, sem eru eftirgefanleg lán og tekin á árinu 1999 og 2005, eru til fimmtán ára og greiðist árlega upphæð sem nemur 1% af uppreiknuðum höfuðstól lánsins með áföllnum vöxtum og verðbótum auk 0,15 prómill af álagningarstofni fasteignaskatts af íbúðarhúsnæði í sveitarfélaginu. Raungreiðslur af lánum þessum hafa árlega numið tæpum helmingi af áföllnum vöxtum hverju sinni. Í alþjóðlegum reiknisskilastaðli nr. 20. segir í 5. gr.: “Eftirgefanleg lán eru lán þar sem lánveitandi skuldbindur sig til að falla frá kröfu um endurgreiðslu við tiltekin skilyrði sem mælt er fyrir um.” Í 10. gr. sama staðals segir: “Eftirgefanlegt lán frá hinu opinbera er meðhöndlað sem opinber styrkur þegar nokkuð öruggt er að fyrirtækið muni uppfylla skilyrðin fyrir niðurfellingu lánsins.” Í árslok 2011 var lánið frá 1999 (höfuðstóll 93,4 millj.kr.) og lánið frá 2005 (höfuðstóll 65,2 millj.kr.), niðurskrifuð um 1/15 hluta. Á móti þessari niðurfærslu á lánunum voru eignfærðar framkvæmdir í snjóflóðavarnargörðum niðurfærðar um sömu upphæð eða 10.574 þús. kr.

## 16. Skammtímaskuldir

Skammtímaskuldir aðrar en við eigin fyrirtæki greinast í árslok þannig:

	A hluti	B hluti	Samstæða
	þús. kr.	þús. kr.	þús. kr.
Skuldir við lánastofnanir	32.772	52.623	85.395
Víðskiptaskuldir	123.739	851	124.590
Laun og launatengd gjöld	59.049		59.049
Áfallnir vextir af langtímalánum	34.534	6.668	41.202
Virðisauki og biðreikn.	93.199	48.484	141.683
Næsta árs afborganir	248.871	74.696	323.567
<b>Alls</b>	<b>592.164</b>	<b>183.322</b>	<b>775.486</b>

Laun og launatengd gjöld eru launatengd gjöld og afdregnir skattar vegna desembermánaðar sem greiðast í janúar svo og uppgjör á yfirvinnu. Næsta árs afborganir eru greiðslur langtímalána á árinu 2012 til annarra en aðalsjóðs frá stofnunum.

## 17. Ábyrgðir utan efnahagsreiknings



## Ábyrgðarskuldbindingar

### Fasteignir Ísafjarðarbæjar ehf

Fasteignir Ísafjarðarbæjar ehf er einkahlutafélag í eigu Ísafjarðarbæjar, sem á og rekur félagslegt leiguhúsnæði í sveitarfélaginu. Í 7. gr. samþykktu fyrir félagið segir að sveitarfélagið ábyrgist að fullu skuldbindingar félagsins við Íbúðalánasjóð vegna þeirra íbúða sem Ísafjarðarbær lagði félaginu til.

Ísafjarðarbær er í sjálfsskuldarábyrgð fyrir 40 millj.kr. reikniláni sem Fasteignir Ísafjarðarbæjar ehf tóku 14. nóvember 2005 til að fjármagna skammtúmaskuldir vegna uppgreiðslu lána við Íbúðalánasjóð í tengslum við uppgjör við sölu félagslegra íbúða.

### Verksamningar

Samningur vegna sorphirðu og sorpeyðingu liggur fyrir til 3ja ára að upphæð 104 mkr. með vsk. Framkvæmdir við Hjallabyggð sem íbúar greiddu, en Ísafjarðarbær hefur skuldbundið sig til að greiða.

### Stofnstyrkir

Samningur er í gildi milli Ísafjarðarbæjar og Edinborgarhússins ehf, dags. 19. maí 2006, um stofnstyrk til menningarhúsa að upphæð 70 millj.kr. sem greiðist með jöfnum verðbættum greiðslum á 10 árum, fyrsta greiðslan var í júní árið 2007.

### Rekstrarleigusamningar

Engir rekstrarleigusamningar eru í gildi hjá Ísafjarðarbæ.

### Rekstrarsamningar

Um áramótin voru í gildi ýmsir rekstrarsamningar að upphæð 59,8 millj.kr. aðallega við íþróttafélög vegna verkefna sem eru ekki lögbundin. Greiðslur falla til á árinu 2012.

## 18. Önnur mál

### Vaxta- og gjaldeyrisskiptasamningar

Skuldbreyting var gerð á gjaldeyrisláni hafnarinnar í lán í íslenskum krónum, vegna dóms hæstaréttar um gjaldeyrislán og var það niðurfært um 42 mkr. Upphæðin var færð sem verðbótatekjur og bætir það afkomu hafnarinnar úr því að vera með tap upp á 13 mkr. í að vera með hagnað upp á 29 mkr.

## 19. Niðurstöður málaflokka

M.fl.	Heiti	2011	Áætlun	Mism.
0	Aðalsjóður			
	Skatttekjur.....	-1.997.749	-1.821.830	-175.919
2	Félagsþjónusta.....	167.789	123.009	44.780
3	Heilbrigðismál.....	0	0	0
4	Fræðslumál.....	980.701	924.989	55.712
5	Menningarmál.....	90.883	89.834	1.049
6	Æskulýðs- og íþróttamál.....	245.693	214.606	31.087
7	Brunamál og almannavarnir.....	49.299	30.174	19.125
8	Hreinlætismál.....	14.519	7.845	6.674
9	Skipulags- og byggingarmál.....	22.413	23.130	-717
10	Umferðar- og öryggismál.....	153.954	121.771	32.183
11	Umhverfismál.....	44.646	36.094	8.552
13	Atvinnumál.....	25.609	21.697	3.912
20	Framlög.....	10.000	10.000	0
21	Sameiginlegur kostnaður.....	308.140	190.194	117.946
27	Óvenjulegir liðir.....	0	0	0

28	Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld.....	-74.357	-81.435	7.078
	Aðalsjóður alls .....	41.539	-109.921	151.460
	Aðrir sjóðir í Ahluta.....			
31	Eignasjóður, rekstur.....	229.700	176.700	53.000
33	Þjónustumiðstöð, rekstur.....	-9.565	9.581	-19.146
	Aðrir sjóðir í A-hluta alls .....	220.135	186.281	33.854
	Milliviðskipti .....			
	Rekstur sveitarsjóðs alls .....	261.674	76.359	185.315
	Sjóðir í B-hluta.....			
41	Hafnarsjóður, rekstur.....	-29.105	-16.189	-12.916
43	Vatnsveita, rekstur.....	-27.987	-29.303	1.316
53	Þjónustuíbúðir, rekstur.....	52.998	45.096	7.902
57	Fasteignir Ísafjarðarbæjar ehf.....	44.432	49.453	-5.021
61	Fráveita, rekstur.....	-33.113	-27.453	-5.660
63	Funi, rekstur.....	32.280	-6.107	38.387
	Sjóðir í B-hluta alls .....	39.504	15.497	24.007
	Milliviðskipti .....			
	Ísafjarðarbær alls .....	301.178	91.857	209.321

Sem hlutfall af rekstrartekjum	A hluti		A og B hluti	
	Reikningur	Áætlun	Reikningur	Áætlun
Útsvar	51,27%	52,62%	43,33%	44,53%
Fasteignaskattur	6,33%	6,99%	5,35%	5,91%
Framlög Jöfnunarsjóðs	18,79%	16,48%	15,88%	13,95%
Lóðaleiga	1,54%	1,68%	1,30%	1,42%
Skatttekjur samtals	77,93%	77,77%	65,85%	65,82%
Aðrar tekjur	22,07%	22,23%	34,15%	34,18%
	100,00%	100,00%	100,01%	99,99%
Laun og launatengd gjöld	62,11%	65,30%	55,78%	58,51%
Lífeyrisskuldbinding, breyting	3,41%	1,04%	2,88%	0,88%
Annar rekstrarkostnaður	33,61%	30,86%	36,31%	33,12%
Rekstramiðurstaða fyrir afskriftir	0,87%	2,80%	5,03%	7,48%
Afskriftir	3,82%	4,13%	5,34%	6,51%
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-7,26%	-4,53%	-9,61%	-7,74%
Rekstramiðurstaða	-10,21%	-5,86%	-9,93%	-1,80%
Handbært fé frá rekstri	2,60%	4,28%	2,44%	8,14%
Fjárfestingahreyfingar	1,58%	-2,59%	-1,29%	-5,18%
<b>Í þúsundum króna á íbúa: Fjöldi:</b>	<b>3755</b>			
<b>Rekstur:</b>				
Skatttekjur	532,02	485,66	532,02	485,66
Aðrar tekjur	150,68	138,81	275,88	252,24
Laun og launatengd gjöld	424,03	407,76	450,62	431,76
Annar rekstrarkostnaður	229,46	192,70	293,38	244,39
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-49,57	-28,26	-77,66	-57,10
Rekstramiðurstaða	-69,69	-36,59	-80,21	-13,31
<b>Efnahagur:</b>				
Eignir	1.228,13	1.181,05	1.534,74	1.532,24
Eigið fé	271,90	-282,23	120,67	-142,36
Lífeyrisskuldbindingar	275,24	-258,49	275,24	-258,49
Skuldir án skuldbindinga	681,00	-640,33	1.138,83	-1.131,40
<b>Sjóðsstreymi:</b>				
Handbært fé frá rekstri	17,75	26,71	19,70	60,09
<b>Aðrar lykiltölur</b>				
Handbært fé frá rekstri í hlutfalli við				
Langtímaskuldir, mælt í árum	29,17	-20,93	48,27	-16,93
Veltufjárhlutfall	1,65	2,37	0,75	0,55
Eiginfjárhlutfall	22,14%	23,90%	7,86%	9,29%
Skulda/rekstrartekjuhlutfall	140,07%	-143,93%	175,03%	-188,36%

Sem hlutfall af rekstrartekjum	2011	2010	2009	2008
Útsvar	43,33%	45,43%	44,22%	42,87%
Fasteignaskattur	5,35%	5,75%	5,69%	5,35%
Framlög Jöfnunarsjóðs	15,88%	18,72%	19,61%	22,49%
Lóðaleiga	1,30%	1,45%	1,56%	1,42%
Skatttekjur samtals	65,85%	71,35%	71,08%	72,13%
Aðrar tekjur	34,15%	28,65%	28,92%	27,87%
	100,01%	100,01%	100,01%	100,01%
Laun og launatengd gjöld	52,48%	49,46%	48,06%	49,78%
Lífeyrisskuldbinding, breyting	2,88%	0,90%	3,49%	2,30%
Annar rekstrarkostnaður	36,31%	37,58%	33,91%	38,28%
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir	8,32%	12,06%	14,54%	9,64%
Afskriftir	5,34%	8,57%	6,24%	6,11%
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-9,61%	-3,60%	-17,06%	35,42%
Rekstrarniðurstaða	-9,93%	-5,51%	-14,88%	-31,89%
Handbært fé frá rekstri	2,44%	1,33%	5,42%	5,13%
Fjárfestingahreyfingar	-1,29%	-1,84%	1,88%	17,69%

Í þúsundum króna á íbúa: Fjöldi:

**Rekstur:**

Skatttekjur	532,02	510,22	494,25	500,56
Aðrar tekjur	275,88	204,84	201,06	193,41
Laun og launatengd gjöld	424,03	353,67	334,16	345,48
Annar rekstrarkostnaður	293,38	268,73	235,76	265,64
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-77,66	-25,76	-118,64	245,79
Rekstrarniðurstaða	-80,21	-39,39	-103,47	-221,32

**Efnahagur:**

Eignir	1.534,74	1.543,27	1.330,17	1.392,98
Eigið fé	120,67	197,67	29,73	130,79
Lífeyrisskuldbindingar	275,24	247,94	236,51	208,42
Skuldir án skuldbindinga	1.138,83	1.097,67	1.063,93	1.053,78

**Sjóðsstreymi:**

Handbært fé frá rekstri	19,70	9,48	37,69	35,62
-------------------------	-------	------	-------	-------

**Aðrar lykiltölur**

Handbært fé frá rekstri í hlutfalli við

Langtímaskuldir, mælt í árum	48,27	98,96	24,63	23,07
Veltufjárlutfall	0,75	0,86	0,82	0,61
Eiginfjárlutfall	7,86%	12,81%	2,24%	9,39%
Skulda/rekstrartekjuhlutfall	175,03%	188,18%	187,03%	181,88%

Útsvarsprósenta	14,48%	13,28%	13,28%	13,03%
Fasteignaskattsprósenta, A-liður	0,45%	0,45%	0,45%	0,45%
Fasteignaskattsprósenta, B-liður	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%
Fasteignaskattsprósenta, C-liður	1,60%	1,60%	1,60%	1,60%

Íbúafjöldi	3.755	3.816	3.897	3.968
Breyting frá fyrra ári (%)	0,9840%	0,9792%	0,9821%	0,9940%